

Fundur með árgangafulltrúum 24. september

klukkan 17:30

Mættir voru: Árgangafulltrúarnir: Katrín Marsí Aradóttir (1.SS), Finna Pálmadóttir (1.SS), Karólína Björg Óskarsdóttir (2.SH), Elínrós Kristín Haraldsdóttir (2.TK), Gunnhildur Þórðardóttir (3.ER), Berglind Ómarsdóttir (3.ES), Gunnhildur Þórðardóttir (5.ÍH), Bjarnfríður Bjarnadóttir (BB) (6.HT), Þórey Óladóttir (ÞÓ) (6.HT), Harpa (8.HM), Sigrún Júlía Hansdóttir (9.JJ), BB (9.JJ), Eyrún Ösp Ingólfssdóttir (10.AV) og Linda Birgisdóttir (10.AV). Úr stjórn FFM BB, Skúli Freyr Brynjólfsson og ÞÓ. Einnig mætti skólástjóri Myllubakkaskóla Bryndís Björg Guðmundsdóttir.

Á fundinn vantaði fulltrúa frá 4.bekk og 7.bekk.

Á fundinum var fjallað almennt um hlutverk árgangafulltrúa. Rætt var um að á heimasíðu skólans er hlekkur til að komast á síðu FFM, þar undir er m.a. listi yfir hugmyndir um hvað væri hægt að gera með börnunum. Aðal málið er að halda viðburð bæði fyrir og eftir áramót þar sem börn og foreldrar hittast og gera eitthvað skemmtilegt saman, það þarf ekki að vera flókið, né dýrt.

Samþykkt var að allir árgangafulltrúar myndu vera með viðburð fyrir og eftir áramót.

Allir bekkir eru nú komnir með facebook hópsíðu og rætt var um hversu gott það væri að nýta þennan miðil til að koma á framfæri skilaboðum og skapa umræður.

Ákveðið var að stofna facebook hópsíðu fyrir árgangafulltrúa. Þar er mælt með því að árgangafulltrúar segi frá því hvað þeir séu að gera með sínum bekk og einnig er hægt er að miðla upplýsingum og leita ráða.

Fundi lauk klukkan 18:30

Fundargerð ritaði Bjarnfríður